

Prófnefnd löggiltra endurskoðenda
Próf til löggildingar í endurskoðunarstörfum
Próf í skattalögum, félagarétti, kostnaðarbókhaldi og stjórnendareikningsskilum
6. nóvember 2020
kl. 9:00 – 14:00

Ábendingar:

Áætlaður tími við úrlausn hvers verkefnis svarar til vægis þess í heildareinkunn. Það er skynsamlegt að nýta próftímann með hliðsjón af vægi verkefna.

Vinsamlega notið word- og excel-skjöl sem fylgja fyrir lausnir verkefna, eftir því sem við á.

Merkið allar lausnir með prófnúmeri og einungis með prófnúmeri. Ef úrlausn er merkt með nafni prófmans telst hún ógild og prófmaður fallinn.

Ætlast er til að vísað sé til staðla, laga og annarra heimilda eftir því sem tilefni er til hverju sinni. Ekki er nægilegt að vísa til einstakra staðla í heild sinni, heldur er ætlast til að vísað sé til einstakra greina eftir því sem við á.

Prófmenn hafa á heimasvæði prófsins aðgang að lögum, reglugerðum og reglum, sem gæti reynt á í prófinu. Óheimilt er að sækja eða nota önnur rafræn gögn en þau sem eru á heimasvæði prófsins.

Prófmenn eru beðnir um að skila í prófmöppu að prófinu loknu rafrænni úrlausn. Prófmenn bera ábyrgð á vistun úrlausna.

Verkefni 1 – 55 mín.

Alma Guðmundsdóttir kláraði tölvu- og viðskiptafræðinámið sitt skömmu eftir bankahrunið 2008 eða í júní 2009. Illa gekk hjá Ölmum að fá launað starf við sitt hæfi og á haustmánuðum 2009 þegar ekkert gekk í atvinnuleitinni ákvað Alma að stofna fyrirtæki um tölvuverslun og hugbúnaðargerð. Stofnaði hún einkahlutafélagið OPCO ehf. utan um reksturinn og ákvað að haga því þannig til, að OPCO ehf. yrði í 100% eigu HOLDCO ehf. sem aftur yrði í 100% eigu hennar. Samþykktir leggja hömlur á viðskipti með eignarhluta í félögunum. Hefur Alma notað HOLDCO ehf. í ýmsar aðrar fjárfestingar sínar, sem eingöngu hafa verið í óskráðum einkahlutafélögum. Félögin hafa ekki verið samsköttuð.

Bæði félögin, HOLDCO ehf. og OPCO ehf., hafa gengið vel og skilað einhverjum hagnaði alla tíð frá stofnum til og með rekstrarárinu 2019 og rekstrarárið 2020 lítur ágætlega út. Í lok árs 2017 náði niðurstöðutala efnahagsreiknings OPCO ehf. yfir 300 m.kr., hrein velta yfir 400 m.kr. og meðalfjöldi ársverka yfir 30. Þessar tölur hafa ekki lækkað síðan. Sambærilegar tölur hjá HOLDCO ehf. eru 500 m.kr., 30 m.kr. og 2 ársverk. Þetta er vel af sér vikið hjá Ölmum, enda hefur hún lagt hjarta sitt og sál í verkefnið, unnið mikið, lifað einföldu lífi og ekki verið í alvarlegu sambandi né eignast börn.

Á því kann að verða breyting, því fyrir skömmu kynntist Alma manni sem heitir Magnús. Magnús er traustur og góður maður og hefur Alma trú að hann geti verið rétti maðurinn fyrir sig. Alma er líka komin á fertugsaldurinn og þarf að huga að barneignum, ef hún ætlar á annað borð að eignast börn, en hugur hennar stendur til þess.

Alma hefur hingað til leigt litla einstaklingsíbúð nálægt skrifstofu OPCO ehf., enda ekki þurft annað þar sem hún hefur nánast alltaf verið í vinnunni. Þá hefur hún ekki viljað kaupa sér fasteign, því þá hefði hún þurft að taka fjármagn frá OPCO ehf. og HOLDCO ehf., sem hefði tafið fyrir uppbyggingu félaganna. En eftir að hún kynntist Magnúsi sér hún hins vegar fram á að þurfa stærra íbúð, með a.m.k. tveimur barnaherbergjum og hún vill frekar kaupa en leigja til að minnka líkur á flutningum og röskun á högum mögulegrar fjölskyldu. Þá er líka viðbúið að persónuleg útgjöld hennar aukist til viðbótar við það sem hún þarf til fasteignakaupa, en hún hefur heyrt að uppeldi eins barns kosti tugi milljóna króna þegar allt er saman tekið. Alma sér því fram á að þurfa talsvert fjármagn fyrir sig persónulega, einkum nú í upphafi til fasteignarkaupna.

Það hefur aldrei verið greiddur arður frá OPCO ehf. til HOLDCO ehf. né frá HOLDCO ehf. til Ölmum. Í reikningsskilum HOLDCO ehf. hefur frá upphafi verið beitt hlutdeildaraðferð við uppgjör samstæðu HOLDCO ehf. og dótturfélags þess, OPCO ehf., er sýnir hlutdeild HOLDCO ehf. í hagnaði dótturfélagsins. Fyrstu árin var hlutdeildin færð sem rekstrarhagnaður hjá HOLDCO ehf. og á óráðstafað eigið fé, en hin síðari ár hefur hagnaðurinn verið fluttur beint á bundinn hlutdeildarreikning á meðal eigin fjár. Þá hefur verið færður sérstakur endurmatsreikningur í reikningsskilum HOLDCO ehf. á meðal eigin fjár, sem endurspeglar þá hækkun sem orðið hefur á virði hlutafjár í eigu HOLDCO ehf.

Það hefur dregist yfir lögmæt tímamörk að halda aðalfundi í félögunum HOLDCO ehf. og OPCO ehf., en fundirnir verða haldnir innan skamms.

Úrlausnarefni:

Verkefni þitt er að svara eftirfarandi spurningum og rökstyðja svör m.a. með vísan til laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, laga um einkahlutafélög, laga um ársreikninga og fordæma:

- A. Ber OPCO ehf. að halda eftir og skila í ríkissjóð staðgreiðslu af mögulegri arðgreiðslu til HOLDCO ehf. sem samþykkt yrði og greidd á árinu 2020?
- B. Er heimilt að samþykkja og úthluta til Ölmu á árinu 2020 sem arði, öllu af endurmatsreikningi HOLDCO ehf. á meðal eigin fjár?
- C. Er heimilt að samþykkja og úthluta til Ölmu á árinu 2020 sem arði, öllu af óráðstöfuðu eigin fé HOLDCO ehf.?
- D. Ber OPCO ehf. að samþykkja starfskjarastefnu á aðalfundi félagsins 2020?
- E. Ber HOLDCO ehf. að samþykkja starfskjarastefnu á aðalfundi félagsins 2020?

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 2 – 75 mín.

Bjartur er fjármálastjóri Svarts Storms ehf., en hann hefur gert drög að rekstrar- og efnahagsreikningi fyrir árið 2019 og óskar hann eftir aðstoð þinni við að leiða út tekjuskattstofn félagsins og skattskuldbindingu / skatteign í árslok 2019.

Með beiðninni fylgja ýmsar upplýsingar er varða starfsemi Svarts Storms ehf. á árinu 2019, en Bjartur telur að þessar upplýsingar hafi áhrif á skattútreikninga ársins. Allar fjárhæðir eru án virðisaukaskatts nema annað sé tekið fram.

Eftirfarandi gögn komu frá fjármálastjóranum:

- **Drög að rekstrar- og efnahagsreikningi (fylgiskjal 1).**
- **Reikningshaldsleg fyrningaskýrsla. (fylgiskjal 2.)**
- **Sundurliðun skattskuldbindingar í árslok 2018 niður á einstaka liði. (fylgiskjal 2.)**
- **Niðurstöður skattalegrar fyrningaskýrslu ársins 2018.**
- **Drög að skattalegri fyrningaskýrslu ársins 2019.**

Þar sem gerðir eru útreikningar þá þurfa þeir að vera greinargóðir og ef þú gefur þér viðbótar forsendur til að komast að niðurstöðu þá þurfa þær að koma fram með skýrum hætti.

Skattstofn:

Bjartur fer fram á að skattstofn félagsins verði lágmarkaður eða yfirfæranlegt tap hámarkað. Hann vill jafnframt útskýringar þar sem að ykkar mati koma til greina fleiri en ein aðferð við að leiða fram skattstofn, eða um aðferðirnar ríkir óvissa. Ef um liði þar ríkir óvissa eða fleiri en ein aðferð kemur til greina þurfið þið að útskýra það fyrir honum með tilvísunum í lög, úrskurði Yfirsattanefndar, bindandi álit o.s.frv. Taka skal afstöðu til allra liða hér að neðan.

Ef þið teljið að eitthvað af þeim liðum sem Bjartur hefur tekið saman vegna skattútreikninga eigi ekki við þá þurfið þið að útskýra í mjög stuttu máli hvers vegna svo sé.

Skattskuldbinding / skatteign:

Bjartur óskar jafnframt eftir því að skattskuldbinding / skatteign félagsins í árslok 2019 verði reiknuð og sundurliðuð niður á einstaka liði.

1. Viðskiptakröfur greinast þannig samkvæmt ársreikning:

	2019	2018
Viðskiptakröfur skv. bókhaldi	246.469.713	221.056.883
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(29.576.366)	(8.842.275)
Viðskiptakröfur skv. ársreikningi	216.893.347	212.214.608

Í skattframtali 2019 vegna ársins 2018 var færð skattaleg hámarksniðurfærsla á viðskiptakröfur.

2. Gjaldfærsla vegna niðurfærslu og afskrifta krafna samkvæmt ársreikningi:

	2019
Óbein niðurfærsla krafna á árinu	20.734.090
Afskrifuð krafa á gjaldþrota félag	1.500.875
Afskrifuð krafa á grundvelli árangurslaus fjárnáms þann 20. mars 2020	287.333
Gjaldfærsla vegna greiðslu á ábyrgð sem veitt var vegna lántöku KX ehf.	588.127
Innborgun frá KX ehf. vegna greiðslu á ábyrgð vegna lántöku	(88.127)
Samtals gjaldfært á árinu	<u>23.022.298</u>

KX ehf. er félag í eigu eiginkonu stærsta hluthafa í Svörtum Stormi ehf.

3. Þann 31. desember 2019 keypti félagið gjaldfallna kröfu á dótturfélag sitt, Bjartan Storm ehf. á 4.000.000 kr., krafan greindist þannig:

	2019
Upphaflegur höfuðstóll	6.000.000
Áður innborgað inn á höfuðstól	(1.000.000)
Höfuðstóll við kaup	<u>5.000.000</u>
Áfallnir dráttarvextir 31.12.2019	212.500
Uppreiknuð staða	<u>5.212.500</u>

4. Skattalegar fyrningaskýrslur:

	Innréttingar og tölvubúnaður	Bifreiðar
Heildarverð 31.12.2018	9.419.337	31.759.995
Uppsafnaðar afskriftir 31.12.2018	(7.978.288)	(14.439.131)
Skattalegt bókfært verð 31.12.2018	<u>1.441.049</u>	<u>17.320.864</u>
Fyrningarhlutföll	35%	20%
	Innréttingar og tölvubúnaður	Bifreiðar
Heildarverð 1.1.2019	9.419.337	31.759.995
Keypt á árinu	846.311	7.820.000
Selt á árinu, heildarverð		(11.582.832)
Selt á árinu, uppsafnaðar afskriftir		7.133.749
Uppsafnaðar afskriftir 31.12.2019	(9.053.632)	(18.577.487)
Skattalegt bókfært verð 31.12.2019	<u>1.212.016</u>	<u>16.553.425</u>
Fyrningarhlutföll	35%	20%

Söluverð bifreiðana nam 5.600.000 kr.

	Lyftarar og tæki í vöruhúsi	Fasteign og lóð
Heildarverð 31.12.2018	54.616.522	207.279.865
Uppsafnaðar afskriftir 31.12.2018	(39.576.662)	(126.702.061)
Skattalegt bókfært verð 31.12.2018	15.039.860	80.577.804
Fyrningarhlutföll	30%	0-6%
	Lyftarar og tæki í vöruhúsi	Fasteign og lóð
Heildarverð 1.1.2019	54.616.522	207.279.865
Selt á árinu, heildarverð		(207.279.865)
Keypt á árinu	4.300.000	550.000.000
Uppsafnaðar afskriftir 31.12.2019	(43.251.121)	0
Skattalegt bókfært verð 31.12.2019	15.665.401	550.000.000
Fyrningarhlutföll	30%	0-6%

Á árinu keypti félagið vöruskemmu fyrir 550.000.000 kr. Á kaupdegi nam lóðarhluti fasteignamats eignarinnar 15% af kaupverðinu.

Söluverð fasteignarinnar sem seld var á árinu var 350.000.000 kr.

5. Svartur Stormur ehf. er með skrifstofuhúsnæði á leigu að Vetrarbraut 22.

Um húsnæðið gildir 5 ára leigusamningur, leigueign og leiguskuld greinist þannig samkvæmt ársreikningi:		
	Leigueign	Leiguskuld
Staða 1.1. - samanburðartölum breytt	106.497.170	(124.987.607)
Afskriftir ársins	(24.820.908)	
Afborganir ársins		32.881.416
Vextir ársins		(10.933.206)
	81.676.262	(103.039.397)

6. Birgðir félagsins eru metnar á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu.

Í skattframtali 2019 vegna ársins 2018 var ekki færð skattaleg niðurfærsla á birgða.		
Birgðir í árslok og niðurfærsla greinast þannig, samkvæmt ársreikningi:		
	2019	2018
Birgðir samkvæmt ársreikningi	187.377.875	193.854.210
<i>Niðurfærsla skv. ársreikningi:</i>		
Varúðarniðurfærsla	(4.684.447)	(6.784.897)
Niðurfærsla vegna ónýtra/óseljanlegra vara	(10.000.000)	(10.000.000)

7. Meðal skulda félagsins er eftirlaunaskuldbinding og greinist hún þannig:

	2019
Eftirlaunaskuldbinding í upphafi árs	23.773.888
Greitt út sem laun á árinu	(3.000.000)
Breyting skuldbindingar	5.122.774
Eftirlaunaskuldbinding í árslok	<u>25.896.662</u>

8. Félagið hefur fært gengismun í skattframtöl félagsins í samræmi við skattalög.

Dreifing gengishagnaðar 2017 samkvæmt skattframtali 2018	4.377.667
Dreifing gengishagnaðar 2018 samkvæmt skattframtali 2019	1.848.259

9. Eignarhlutir í dótturfélögum greinist þannig:

	Bjartur Stormur ehf.	Clear Sky Ltd. Singapore	Samtals
Bókfært verð í upphafi árs	55.612.111		55.612.111
Innborgað hlutafé á árinu		15.000.000	15.000.000
Hlutdeild í afkomu	(25.773.841)	18.261.420	(7.512.421)
Bókfært verð í árslok	<u>29.838.270</u>	<u>33.261.420</u>	<u>63.099.690</u>

Skatthlutfall í Singapore er 17%, en vegna ívilnana þar í landi til félaga eins og Clear Sky Ltd. er skattur á hagnað fyrstu fimm árin 5,5%. Clear Sky Ltd. hefur gjaldfært í rekstri og greitt skatt í samræmi við þetta eða 1.004.378 kr. Ekki er í gildi tvísköttunarsamningur við Singapore.

Meðal gjaldfærðra vaxta eru vextir af láni frá Clear Sky Ltd. að fjárhæð 20.000.000 kr., en lánið er gengistryggt og ber 15% vexti. Að auki er gengitap vegna lánsins meðal gengismunar 4.877.389 kr.

10. Eignarhlutir í öðrum félögum, ekki dóttur- eða hlutdeildarfélög, greinast þannig:

	Stormsveipur ehf.	Gufustrókur ehf. ..	Samtals
Bókfært verð í upphafi árs	40.000.000	26.777.000	66.777.000
Fjárfesting ársins	5.338.000		5.338.000
Gangvirðishækkun ársins	10.000.000		10.000.000
Selt á árinu		(26.777.000)	(26.777.000)
Bókfært verð í árslok	<u>55.338.000</u>	<u>0</u>	<u>55.338.000</u>
Arður ársins	3.550.000	0	3.550.000
Söluverð ársins		35.000.000	35.000.000

11. Á bókhaldslyklinum annar kostnaður án virðisaukaskatts er m.a. gjaldfærður eftirfarandi kostnaður:

Greiddur afdráttarskattur erlendis vegna aðkeyptar þjónustu	1.755.300
Greiddar líftryggingar fyrir stjórnendur	880.005

12. Félagið er samskattað með Björtum Stormi ehf. frá árinu 2017 og fyrir liggja eftirfarandi upplýsingar úr skattframtali Bjarts Storms ehf. 2020 vegna ársins 2019:

Skattalegt tap ársins 2019	30.485.201
Skattalegt tap ársins 2017	4.001.313
Skattalegt tap ársins 2016	15.555.384
Yfirfæranleg skattaleg töp samtals	50.041.898

Úrlausnarefni:

Bjartur er fjármálastjóri Svarts Storms ehf., en hann hefur gert drög að rekstrar- og efnahagsreikningi fyrir árið 2019 og óskar hann eftir aðstoð þinni við að leiða út tekjuskattsstofn félagsins og skattskuldbindingu / skatteign í árslok 2019.

Þar sem gerðir eru útreikningar þá þurfa þeir að vera greinargóðir og ef þú gefur þér viðbótar forsendur til að komast að niðurstöðu þá þurfa þær að koma fram með skýrum hætti.

Skattstofn:

Bjartur fer fram á að skattstofn félagsins verði lágmarkaður eða yfirfæranlegt tap hámarkað. Hann vill jafnframt útskýringar þar sem að ykkar mati koma til greina fleiri en ein aðferð við að leiða fram skattstofn, eða um aðferðirnar ríkir óvissa. Ef um liði þar ríkir óvissa eða fleiri en ein aðferð kemur til greina þurfið þið að útskýra það fyrir honum með tilvísunum í lög, úrskurði Yfirskattanefndar, bindandi álit o.s.frv. Taka skal afstöðu til allra liða hér að neðan.

Ef þið teljið að eitthvað af þeim liðum sem Bjartur hefur tekið saman vegna skattútreikninga eigi ekki við þá þurfið þið að útskýra í mjög stuttu máli hvers vegna svo sé.

Skattskuldbinding / skatteign:

Bjartur óskar jafnframt eftir því að skattskuldbinding / skatteign félagsins í árslok 2019 verði reiknuð og sundurliðuð niður á einstaka liði.

Svarið í excel-svarskjali

Verkefni 3 – 60 mín.

Rafhitaveita Suðurfjarða rekur tvær hefðbundnar vatnsaflsvirkjanir sem selja raforku yfir Landsnet til orkusöluaðila (framleiðsla, heildsala) á stór-Suðurfjarða svæðinu sem selja síðan raforkuna áfram til notenda (smásala). Einnig rekur Rafhitaveitan tvo tiltölulega nýja vindmyllugarða á Háheiðinni, annar þeirra var settur upp fyrir fjórum árum en hinn hefur nýverið hafið starfsemi. Sama sölufyrirkomulag gildir fyrir vindmyllugarðana og fyrir vatnsaflsvirkjanirnar.

Á skrifstofu Rafhitaveitunnar starfa 18 starfsmenn við yfirstjórn, fjármál, tölvuþjónustu og markaðsmál (þjónustu og sölu). Auk þess rekur Rafhitaveitan viðhaldsdeild og þar starfa 36 starfsmenn, verkfræðingar, tæknifræðingar, iðnaðar- og verkamenn. Alls starfa því 54 starfsmenn hjá fyrirtækinu.

Finnur Fossdal er nýtekinn við sem forstjóri Rafhitaveitu Suðurfjarða. Eitt af meginverkefnum Finns er að leysa úr ágreiningi sem hefur orðið á milli stjórnenda virkjana (vatnsaflsvirkjananna) og vindmyllugarða. Ágreiningurinn felst meðal annars í því hvernig kostnaði hefur verið skipt á milli sviða, þ.e. virkjana og vindmyllugarða. Stjórnendur virkjana telja að áhugi og tími skrifstofu og viðhaldsdeildar beinist of mikið að vindmyllugörðunum á kostnað framlegðar virkjananna. Að þeirra mati eru virkjanir að niðurgreiða rekstrarkostnað vindmyllanna sem sé mjög þungur enda sé lítil reynsla af rekstri vindmyllugarða á Íslandi og alls kyns vandamál að koma upp.

Stjórnendur virkjana hafa lagt til við stjórn Rafhitaveitunnar að fyrirtækinu verði skipt upp, þ.e. starfsemi virkjana og vindmyllugarða verði aðskilin, nema Finnur komi með tillögu að ásættanlegu kostnaðarkerfi. Kostnaðarkerfið verði að taka á ofangreindu vandamáli og gefa réttari mynd af rekstri virkjana. Stjórn Rafhitaveitu Suðurfjarða er alfarið á móti uppskiptingu fyrirtækisins og leggur því hart að Finni að leysa málið fljótt og vel.

Úrlausnarefni:

Finnur leitir til þín um hugmyndir að lausn og biður þig um að koma með tillögur að viðeigandi kostnaðarkerfi sem hægt væri að leggja fyrir næsta stjórnarfund. Láttu eftirfarandi að lágmarki koma fram:

- **Hvers eðlis er kostnaður Rafhitaveitunnar?**
- **Reifaðu kosti og galla mismunandi kostnaðarkerfa og hvernig þau geta leyst ofangreind ágreiningsmál.**
- **Hvaða önnur álitamál gætu komið upp?**
- **Láttu koma skýrt fram hvaða þér finnst heppilegast fyrir Rafhitaveituna að gera og rökstyddu vel valið.**

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 4 – 65 mín.

Tólf lögmenn starfa hjá og eiga jafnan hlut í lögmennsstofunni LEGUS ehf. (hér eftir LEGUS). Um er að ræða stóra stofu á íslenskan mælikvarða, en hjá stofunni eru samtals sjötíu og tveir starfsmenn í fullu starfi.

LEGUS hefur sérhæft sig í fyrirtækjarétti, einkum alþjóðlegum. Verkefni stofunnar krefjast þekkingar og reynslu bæði af alþjóðalögum og landsrétti þeirra ríkja sem í hlut eiga. Þar sem sérþekking LEGUS nær fyrst og fremst til íslensks landsréttar og þeirra alþjóðalaga sem um ræðir, þarf LEGUS að treysta á og er í góðu samstarfi við erlendar lögmennsstofur sem eru með sérþekkingu á umræddu sviði lögfræðinnar í viðkomandi löndum.

Ef viðskiptavinur LEGUS þarf ráðgjöf sem snýr að íslenskum lögum, alþjóðalögum og lögum erlends ríkis, þá ræður LEGUS erlenda lögmennsstofu sem undirverktaka og þáttur erlendu stofunnar verður hluti af heildarráðgjöf þeirri sem LEGUS veitir viðskiptavinum sínum. Erlenda stofan gefur út reikning á LEGUS, sem gefur út heildarreikning á viðskiptavininn fyrir þjónustu beggja stofa. Þá getur LEGUS verið undirverktaki erlendar lögmennsstofu með sama hætti.

Fyrir nokkrum árum keypti LEGUS lítið raðhús í Stykkishólmi til að nýta sem orlofshús fyrir starfsmenn stofunnar. LEGUS leigir starfsmönnum húsið eftir ákveðnu kerfi. Leigugjaldið sem starfsmenn greiða er talsvert undir því leigugjaldi sem almennt tíðkast í viðskiptum á milli ótengdra aðila, en leigutekjurnar nægja þó engu að síður að mestu til að greiða fyrir reksturinn.

LEGUS leggur reglulega í kostnað til að ljúka viðskiptum, afla nýrra viðskiptasambanda eða halda þeim við, svo sem með málsverðum með viðskiptavinum eða væntanlegum viðskiptavinum, boðum á golfmót o.þ.h.

LEGUS hefur ávallt greitt starfandi eigendum sínum tiltölulega há laun. Í ár hafa mánaðarlaun hvers eiganda numið 1.250.000 kr.

Þrír eigendanna skipa félagsstjórn LEGUS. Fjórði eigandinn, Sigurður, er framkvæmdastjóri félagsins. Sigurður hefur setið stjórnarfundum og haft sig mikið í frammi, enda mjög drífandi og kraftmikill maður með sterkan persónuleika. Þykir stjórninni stundum nóg um framgöngu Sigurðar og áhrif þau sem hann hefur á stjórnina, beint og óbeint, enda er það skilningur stjórnarinnar að hún sé æðri stjórnareining í stjórnskipulagi einkahlutafélags og að einungis hluthafafundur sé æðri stjórninni. Stjórnin eigi að leggja framkvæmdastjóra línurnar en ekki öfugt. Á síðasta stjórnarfundum lagði Sigurður til að fundargerðir stjórnar yrðu aðgengilegar hluthöfum félagsins strax eftir stjórnarfundum á sama tíma og öðrum stjórnarmönnum. Stjórnin veltir fyrir sér hvort það sé heimilt og rétt. Stjórnin veltir líka fyrir sér hvort það sé heimilt og rétt að framkvæmdastjórinn sitji stjórnarfundum. Það eru engin sérákvæði um þetta í samþykktum LEGUS eða starfsreglum stjórnar.

Úrlausnarefni:

Verkefni þitt er að svara eftirfarandi spurningum og rökstyðja svör m.a. með vísan til laga og reglugerða, reglna og leiðbeininga:

- A. Hvernig ber LEGUS að haga virðisaukaskattskilum sínum vegna þjónustu sem LEGUS kaupir af erlendum lögmannsstofum og vegna þjónustu sem LEGUS selur til erlendra lögmannsstofa?
- B. Er LEGUS heimilt að innskatta virðisaukaskatt af reikningum vegna reksturs raðhússins í Stykkishólmi? Er LEGUS heimilt að telja kostnaðinn til gjalda í tekjuskattskilum?
- C. Er LEGUS heimilt að innskatta virðisaukaskatt af reikningum vegna málsverða með viðskiptavinum eða væntanlegum viðskiptavinum, reikningum vegna þátttöku í golfmótum o.þ.h.? Er LEGUS heimilt að telja umræddan kostnað til gjalda í tekjuskattsskilum? Hvaða sjónarmið gilda í þessu sambandi?
- D. Eru mánaðarlaun eigenda LEGUS eðlileg?
- E. Er heimilt og rétt að veita hluthöfum LEGUS aðgang að stjórnarfundargerðum? Er heimilt og rétt að framkvæmdastjóri sitji stjórnarfundum?

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 5 – 45 mín.

Flugskip ehf. á alla eignarhluti í dótturfélagi sínu á Bresku jómfrúreyjum, Fly or Ship Ltd.

Fly or Ship Ltd. hóf starfsemi á miðju ári 2019 og keypti á árinu eftirtaldar eignir:

Keypt 1. júní 2019:		USD
Flutningaskip	Mercury	12.000.000
Flutningaskip	Gemini	10.000.000
Flutningaflugvél	Júpíter	65.000.000
Keypt 1. október 2019:		
Flutningaskip	Apollo	15.500.000
Flutningaflugvél	Úranus	68.000.000
Keypt 1. desember 2019:		
Flutningaflugvél	Neptúnus	59.000.000

Eignirnar eru leigðar þurrleigu (bareboat) íslenskum systurfélögum sem starfa við flutninga á vörum á alþjóðlegum mörkuðum.

Kaupin á eignunum voru fjármögnuð þannig að 80% af kaupverðinu var tekið af láni hjá lánastofnunum og 20% með eigin fé.

Lánin eru öll í USD, til 10 ára og eru afborganir tvisvar á ári þann 1. janúar og 1. júlí ár hvert, í fyrsta skipti 1. janúar 2020.

Eftirfarandi upplýsingar liggja fyrir:

Gengi USD gagnvart ISK:

Kaupgengi 31.12.2018	116,05
Sölugengi 31.12.2018	116,61
Kaupgengi 31.12.2019	120,81
Sölugengi 31.12.2019	121,39
Meðalgengi gengi ársins 2019	122,65
Meðalgengi tímabilsins 1. júní til 31. desember 2019	124,08

Tekjuskattur af framangreindri starfsemi er enginn á Bresku jómfrúreyjum.

Ship or Fly Ltd.:**Rekstrarreikningur ársins 2019**

	USD
Tekjur:	
Leigutekjur	6.929.167
Gjöld:	
Stjórnunarkostnaður	381.104
Afskriftir	5.097.083
	<u>5.478.188</u>
Rekstrarhagnaður	1.450.979
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld):	
Vaxtatekjur	4.331
	(722.300
Vaxtagjöld)
Gengismunur	95.370
	(622.599
)
Hagnaður ársins	<u><u>828.380</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	USD
Eignir:	
Skip	36.756.250
Flugvélar	187.646.667
Viðskiptakröfur	1.912.500
Handbært fé	4.735.263
	<u>Eignir samtals 231.050.680</u>
Eigið fé:	
Hlutfé	45.900.000
Hagnaður ársins	828.380
	<u>Eigið fé samtals 46.728.380</u>

Skuldir:

Langtímaskuldir	174.420.000
Næsta árs afborgnair langtímaskulda	9.180.000
Áfallnir vextir	722.300
Skuldir samtals	184.322.300

Eigið fé og skuldir samtals 231.050.680

Úrlausnarefni:

Stjórnendur Flugskipa ehf. óska hér með eftir að þú upplýsir þá um það hvort greiða eigi á Íslandi tekjuskatt af hagnaði Fly or Ship Ltd. vegna ársins 2019. Ef svo er þá er farið fram á að þú leiðir fram skattstofn félagsins þar sem skattstofnar eru lágmarkaðir eða yfirfæranlegt tap hámarkað.

Hvaða áhrif hefur niðurstaðan á skattstofn Flugskipa ehf., en fyrir liggur að skattstofn félagsins vegna ársins 2019 er 535.744.801 kr.

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í excel- og/eða word-svarskjali